

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 20.september 2017 klukkan 16:00-17:20

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Kristín Póra Möller og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir og Hlynur Vilhjálmsson fulltrúar nemenda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1.mál Skólaráð setur sér starfsáætlun.
- 2.mál Skólanámskrá, starfsáætlun 2017-2018 lögð fram til samþykktar.
- 3.mál. Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats lögð fram til samþykktar.
- 4.mál Umbótaáætlun í kjölfar innra mats og sjálfsmatskýrsla lögð fram til samþykktar.
- 5.mál Skóladagatal.
- 6.mál Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Starfsáætlun skólaráðs.

- Sigurbjörg fór yfir starfsáætlun skólaráðs en þetta er í fyrsta sinn sem slíkt er gert hér í Akurskóla.
- Hún er samþykkt af öllum fundarmönnum.

2.mál Skólanámskrá Akurskóla, starfsáætlun.

- Sigurbjörg fór yfir skólanámskránnu, starfsáætlunina.
- Skólanámskráin, starfsáætlunin var borin upp til samþykktar.
- Allir aðilar samþykktu hana.

3.mál Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats.

- Sigurbjörg fór yfir umbótaáætlunina og þá vinnu sem fór fram í kjölfar ytra mats. Allir aðilar sem koma að skólastarfinu tóku þátt í vinnunni ásamt því að hún var kynnt fyrir nemendum í nemendaráði.
- Þórdís fagnar því að foreldrar verði meiri hluti af skólastarfinu, fái tækifæri að taka virkan þátt.
- Lára ræddi um hversu frábært framtak það er að Akurskóla sé að innleiða agastefnuna Uppeldi til ábyrgðar og hversu sýnilegt faglegt starf sé hér.
- Umbótaáætlunin var borin upp til samþykktar.
- Allir aðilar samþykktu hana.

4.mál Umbótaáætlun í kjölfar innra mats og sjálfsmatsskýrsla lögð fram til samþykktar.

- Umbótaáætlun og sjálfsmatsskýrsla lögð fram til samþykktar.
- Allir aðilar samþykktu.

5.mál Skóladagatal

- Sigurbjörg lagði til breytingu á skóladagatali, færa starfsdaginn sem vera á 12.mars yfir á 14.mars. Breytingar eru gerðar vegna námskeiðs í Uppeldi til ábyrgðar.
- Skóladagatalið samþykkt af öllum.

6.mál Önnur mál

- Sigurbjörg fór yfir starfsmannamál og þær breytingar sem orðið hafa núna í haust en mikið er af nýju starfsfólki.
- Sjálfskömmtun er hafin í matsal hjá nemendum. Gengur mjög vel og erum við mjög ánægð með samstarfið við Skólamat. Guðbjörg og Hlynur fulltrúar nemenda eru mjög ánægð og finnst þetta fyrirkomulag mun betra.
- Útibú við Dalsbraut fer vel af stað. Ýmislegt sem þarf að huga að og ákveðnir hnökrar sem þarf að leysa. Starfsfólkið staðið sig frábærlega.
- Endað var á að ganga um skólann, skoða breytingar á hljóðvist á Menntavegi og breytingum á rýmum í Stekkjarkoti og Tjarnarkoti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:20.

Fundargerð þessa ritaði
Gróa Axelsdóttir
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla